



Reykjavík, 10. ágúst 2018

SFS2018070122

142. fundur

HG/sv

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Breiðholtsskóla*

Starf skólastjóra í Breiðholtsskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 12. júní 2018 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 26. júní 2018. Ráðið var í skólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2018.

*Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Breiðholtsskóla lýst þannig:*

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

*Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:*

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogahæfileikum, hefði viðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Þrír sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Ásta Bjarney Elíasdóttir, Gerður Ólína Steinþórsdóttir og Jóna Björg Sætran.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

#### **Niðurstaða:**

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra, sem haldinn var 6. júlí 2018, gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Ásta Bjarney Elíasdóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Breiðholtsskóla.

**Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Ástu Bjarneyju Elíasdóttur skólastjóra við Breiðholtsskóla frá 1. ágúst 2018.**

Ásta Bjarney lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1996, diplóma í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands 2004 og M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana frá Háskóla Íslands 2011. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 7 ár, sem deildarstjóri í tvö ár, sem aðstoðarskólastjóri í sjö ár og sem skólastjóri í Húsaskóla í 6 ár.